



FRÉTTABRÉF HEIÐARSKÓLA

Desember 2013



Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir

Jólakveðja frá stjórnendum

Nú eru jólin að nálgast og senn fara nemendur okkar í kærkomið jólafrí. Skólahald hefur gengið mjög vel á þessu hausti og viðburðaríkir mánuðir að baki. Eins og fram kemur í þessu fréttabréfi hafa nemendur okkar tekist á við lærdómsrík og skemmtileg verkefni. Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur fái að glíma við fjölbreytt viðfangsefni en aðeins þannig getum við komið til móts við mismunandi þarfir, áhuga og hæfileika nemenda.

Í vetur ætla stjórnendur að bjóða foreldrum í morgunkaffi og spjall um skólastarfið. Þessir fundir eru hugsaðir sem gott tækifæri fyrir foreldra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnendur og eins til að skapa vettvang fyrir samræðu foreldra og stjórnenda um skólastarfið. Í nóvember buðum við foreldrum nemenda í 6. bekk í heimsókn en fljótlega eftir áramótin verða aðrir foreldrar boðaðir.

Við óskum öllum nemendum og foreldrum/forráðmönnum gleðilegrar jólahátíðar og þökkum góð samskipti á árinu sem er að líða. Megi nýtt ár verða ykkur ánægjulegt og árangursríkt.

Góðar kveðjur,

Sóley Halla, Haraldur Axel, Bryndís Jóna og Steinunn



Jólastundir



Jólahurðir








Lestur er bestur!

Lestri hefur verið gert sérstaklega hátt undir höfði það sem af er skólaárinu. Snemma í haust komu þær Guðbjörg Þórisdóttir lestrarfræðingur og Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur til okkar og héldu lestrarkynningu fyrir foreldra 1. bekkinga. Nóvembermánuður var svo sérstaklega tileinkaður lestri og lestraránægju í öllum skólanum. Lestur nemenda var gerður sýnilegur á göngum skólans með lestrarþorpum. Yngri nemendur söfnuðu lestrarmínútum á útklippt lestrarhús en unglingarnir mæltu með sínum eftirlætisbókum í lestrarhúsum. Nokkrir nemendur af unglingastigi hafa jafnframt mælt með sínum eftirlætisbókum á heimasíðu skólans. Rithöfundar heimsóttu allar bekkjardeildir í lok nóvember og lásu upp úr bókum sínum. Nemendur í 4.-7. bekk fengu aðra góða heimsókn nú í desember en gesturinn var Gunnar Helgason sem las upp úr nýútkominni bók sinni Rangstæður í Reykjavík með miklum tilprifum. Var það hin besta skemmtun fyrir unga sem aldna.


Sterk tengsl eru á milli áhuga á lestri og árangurs í lesskilningi og þar með námi en góður lesskilningur er undirstaða alls náms. Áhugi og hvatning foreldra, bókakostur heimilisins og góðar lestrarfyrirmyndir eru dæmi um þá þætti sem einkenna lestrarumhverfi barna sem gjarnan hafa verið kallaðir „lestrarhestar“. Í því sambandi hvetjum við ykkur foreldrana til þess að sýna bókalestri barnanna áhuga, ræða um bækur og lesa saman.





Niðurstöður samræmdra prófa í Heiðarskóla

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk tóku samræmd próf í september. Allir árgangarnir tóku próf í íslensku og stærðfræði, en 10. bekkingar tóku auk þessa próf í ensku. Nú liggja niðurstöður fyrir og á myndritinu hér til hliðar má sjá normaldreifðar einkunnir nemenda Heiðarskóla í samanburði við landsmeðaltal. Á heildina litið stóðu nemendur okkar sig vel. Niðurstöðurnar munu kennarar skoða vel og nýta í áframhaldandi skipulagi kennslu.



Öflugir hreystikrakkar Heiðarskóla

Skólahreystikeppni Heiðarskóla var haldin miðvikudaginn 4. desember í íþróttasal skólans. Þar öttu kraftmiklir krakkar úr 8.-10. bekk kappi og stóðu þeir sig allir frábærlega. Skólamet voru slegin í hraðapraut stúlkna, dýfum, upphífungum og hreystigreip. Arnór Ingi Ingvason setti met í upphífungum þegar hann gerði 51 endurtekningu en skömmu síðar bætti Andri Már Yngvarsson hið nýslegna met um 8 endurtekningar. Arnór Ingi bætti einnig metið í dýfum með 37 endurtekningum en Andri Már sló það með 41. Í hraðaprautinni bætti Huldís Edda Annelsdóttir stúlknametið um eina sekúndu. Metið stóð þar til Katla Rún Garðarsdóttir var 3 mínútum fljótari í gegnum hreystibrautina en hún fór hana á 55.9 sekúndum. Elma Rósný bætti metið í hreystigreip um 14 sekúndur og hékk í 4.15 mínútur. Úrslitin urðu þannig að þau Arnór Elí Guðjónsson og Katla Rún voru fljótust í gegnum hreystibrautina, Andri Már gerði flestar upphífingar og dýfur og Elma Rósný gerði flestar armbeygjur og hékk lengst. Við óskum öllum þeim sem tóku þátt í keppninni til hamingju með frammistöðu sína.





Útivistarvika

Dagana 30. september–4. október var útivistarvika í Heiðarskóla.

Á mánudegi og þriðjudegi reyndu nemendur í öllum árgöngum fyrir sér í víðavangshlaupi og á miðvikudeginum gengu allir nemendur skólans meðfram strandlengjunni að skólanum, mislangt eftir aldurstigum.

Á fimmtudeginum fóru flestir kennarar með nemendur sína út í leiki og skemmtu þeir sér m.a. í ratleikjum og ýmsum boltaleikjum. Viðurkenningar fyrir frammistöðu í víðavangshlaupum voru veittar í vikunni á eftir í öllum árgöngum. Þeir nemendur í 7.-10. bekk sem hlupu 3.3 km áttu þess kost að keppa um titilinn „Ofurhlaupari“ Heiðarskóla. Að þessu sinni var það Ingi Þór Ólafsson í 9.EP sem var vel að þeim sigri kominn. Veðrið lék við okkur þessa daga og lukkaðist skemmtileg útivistardagskrá íþróttakennaranna vel.



Samstarfssamingur um speglaða kennslu



Fulltrúar Heiðarskóla og Keilis undirrituðu fyrr í haust samstarfssamning sem felur í sér að stærðfræðikennarar á unglingastigi í Heiðarskóla vinna kennslumyndbönd sem nýta á í speglaða kennslu í námsefni 8.-10. bekkja. Í speglaðri kennslu (flipped classroom) er innlögn kennarans og útskýringar á tilteknu efni teknar upp og geta nemendur hlustað heima á kennara fjalla um efnið eins oft og þeir vilja og þegar þeir vilja. Þannig koma nemendur undirbúnir í skólann þar sem þeir taka til við að vinna verkefni. Hlutverkunum er því í raun snúið við, þar sem heimanámið er fært inn í skólana og rödd kennarans fer með nemandanum heim. Þau Haraldur Axel Einarsson, aðstoðarskólalastjóri og stærðfræðikennararnir Íris Ástþórsdóttir, Þóra Guðrún Einarisdóttir og Þórey Garðarsdóttir mynda teymið í kringum þetta verkefni í Heiðarskóla. Afrakstur vinnu þeirra verður öllum aðgengilegur á vefnum Flipp:

<http://rthp19.wix.com/flipp>






Myndir úr skólastarfinu



Myndmenntakisa 4. bekkur



Nú er skólaárið senn hálfnað og því rétt að staldra við og líta yfir afrakstur þeirrar vinnu sem unnin hefur verið á haustönninni. Hér má sjá myndir af nokkrum áhugaverðum og vönduðum verkefnum.



Íslensk fjöll úr textílútúrum
2. bekkur



Fuglatásur eða tásufuglar 1. bekkur



Almenn brot framsett á snjókarli, 8. bekkur



Dýraverkefni í náttúrufræði
8. bekkur



Jól í enskumælandi löndum 10. bekkur




Fagrir fiskar 2. bekkur



Kærleiksvika

8. nóvember var baráttudagur gegn einelti og var því vikan sú eins konar kærleiksvika í Heiðarskóla. Umsjónarkennarar héldu bekkjarfundi með nemendum sínum þar sem mál tengd vináttu, kærleika og góðri framkomu voru til umræðu og víða voru ýmis konar verkefni unnin í tengslum við þann boðskap. Allir nemendur skólans gerðu vinabönd sem hnýtt voru saman í bekkjarvinabönd. Úr þeim var svo búið til sannkallað vinabandalistaverk Heiðarskóla sem sjá má á myndinni hér til hliðar.



Menningarstundir

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu fóru fram menningarstundir á sal skólans þar sem allar bekkjardeildir sýndu skemmtiatriði, ýmist fyrir árganginn sem er einu ári yngri eða eldri. Þar var leikið, sungið, dansað, spilað á hljóðfæri og margt fleira. Skemmtiatriðin voru fjölbreytt og flott eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



Jólaskemmtanir og stofujól

Kl. 08.30 - 10.00

1.GP

2.AJ

4.MB

6.JB

8.MÓ

9.PE

10.AÓ

Kl. 10.00 - 11.30

1.HH

3.SG

3.SRJ

5.HT

8.FÓ

10.PG

Kl. 11.30 - 13.00

2.IP

4.KJ

5.EN

6.EA

7.HS

9.EP

10.ÍA

Föstudaginn 20. desember verður hin árlega jólaskemmtun í skólanum. Ráðgert er að hún taki um eina og hálf klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venja er verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkjar og munu nemendur af unglingastigi sýna söngatriði. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólareð. Síðan fer hver bekkur til sinnar stofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. Nemendur eiga að mæta samkvæmt skipulagi hér til hliðar.



Jólafrí nemenda hefst föstudaginn 20. desember. Skólastarf hefst aftur föstudaginn 3. janúar 2014 samkvæmt stundaskrá. Starfsfólk Heiðarskóla óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.